

## Eydís Þ. Indriðadóttir

**From:** Eydís Þ. Indriðadóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 30. júní 2021 08:32  
**To:** Eydís Þ. Indriðadóttir  
**Subject:** Erindi fyrir fund SF\_251

**From:** Dagbjartur Ketilsson <[dagbjartur@kraftvelar.is](mailto:dagbjartur@kraftvelar.is)>  
**Sent:** 24. júní 2021 14:59  
**To:** Árni Eiríksson <[arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is)>; Rósa Matthíasdóttir <[rosa@floahreppur.is](mailto:rosa@floahreppur.is)>; Hrafnkell Guðnason <[hrafnkell@floahreppur.is](mailto:hrafnkell@floahreppur.is)>; Margrét Jónsdóttir <[margretj@floahreppur.is](mailto:margretj@floahreppur.is)>; Sigurður Ingi Sigurðsson <[sigurdur@floahreppur.is](mailto:sigurdur@floahreppur.is)>  
**Cc:** [walterfannar@simnet.is](mailto:walterfannar@simnet.is); Stefán Geirsson <[stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com)>  
**Subject:** Vegna leikskólamála í Flóahrepp

Góðan daginn

Ég finn mig knúinn til að senda á ykkur öll línu (þótt að Siggí hafi ekki verið á fundinum í Þingborg) vegna þessa tölvupósts sem okkur foreldrum barna á Krakkaborg barst frá Söru Guðjónsdóttur Leikskólastjóra.

Mér finnst þetta ekki vera í anda þess sem var rætt á íbúarfundinum góða í Þingborg, þarna eru í raun settir upp afarkostir sem ég tel mig ekki geta samþykkt eftir gott samtal okkar við sveitarstjórnar meðlimi á þessum fundi. (Tölvupóstur er hér í viðhengi)

Tölvupóst samskipti leikskóla við okkur foreldra á ég allt saman til frá árinu 2012 og verð að segja það að ég var ekki þess var í fyrri samskiptum að Leikskóli færi með þessi völd sem hér er verið að taka sér?

Þarna eru sett upp atriði sem foreldrar eiga að velja á milli sem eru:

- Stytting á opnunartíma mánudaga til fimmtudaga um 15 mínútur og 30 mínútur á föstudögum.
- Stytting á opnunartíma mánudaga til fimmtudaga 15 mínútur og 1 klst á föstudögum
- Óbreyttan opnunartíma og hækkun leikskólagjalda
- Óbreyttan opnunartíma og hærri framlög úr sveitarsjóði til reksturs Krakkaborgar.
- Annað \_\_\_\_\_

Kemur þetta í ykkar umboði??

Ég fæ það ekki séð að þetta sé í anda þess sem var rætt, ég taldi að sveitarstjórn myndi skoða málið og fara yfir kosti sem væru í boði. Mér fannst eins og það ætti að ræða betur styttingu vinnuvikunnar og fara yfir það í hvað því fælist.

Andi styttingu vinnuvikunnar á að vera á þá leið að það komi ekki niður á þjónustu og skerði hana ekki að neinu leiti.

Ég vil þó nefna það sérstaklega að Söru þekki ég bara af hinu góða og hef ekkert upp á hana að klaga, mig grunar að hún sé að vissu leiti með Svarta Pétur í höndunum og sé að reyna að klóra saman lausn svo hún geti rekið þennan skóla með mannsæmandi hætti.

Þó þurfa málin að fara rétta leið og ef til þess þarf meiri tíma þá lít ég svo á að þá þurfi að taka sér þann tíma til að klára málin en ekki gefa foreldrum kost á að svara bara út þessa viku.

Það hefur verið mikið hringt og mikið talað í sveitarfélaginu síðustu daga og ennþá meira eftir að þessi póstur kom inn um rafrænu lúguna, mér var tjáð það á fundinum að einungis eitt barn væri að nýta fullan vistunartíma á leikskólanum en ég hef góðar heimildir fyrir því að hið minnsta séu börnin fimm talsins.

Mér finnst ekki að við eigum að kjósa í tilfinningaríki um hvernig málum skuli hegðað í þjónustu sveitarfélagsins og get ekki séð það að það sé ykkar vilji heldur miðað við góðar samræður okkar á fundinum í Þingborg.

Ég vil hvetja ykkur til að skoða þetta mál og fara yfir það og passa að svona vanhugsaðir póstar fari ekki frá þessari góðu stofnun okkar sem leikskólinn er, mér varð það að orði við eitt foreldri í sveitarfélaginu sem hringdi í mig út af þessu að það væri eins og almannatengill Samherja hefði skrifað þennan póst.

*Með kveðju / Best regards*

*Dagbjartur Ketilsson  
Brúnastöðum 3  
803 Flóahrepp*